# EMBÆTTI, SÝSLANIR M. M.

1973:

14. nóvember var Sveinn Björnsson skipaður deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu frá 1. nóvember 1973 að telja.

15. nóvember var Markúsi Einarssyni að eigin ósk veitt lausn frá starfi forstjóra Vinnuhælisins að Litla-Hrauni frá 1. júlí 1974 að telja.

21. nóvember var gefið út leyfisbréf handa Jónasi Ragnarssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

30. nóvember var gefið út leyfisbréf handa Halldóri Jóhannssyni til þess að mega kalla sig sérfræðing í almennum skurðlækningum og starfa sem slíkur.

12. desember var Þór Þorbergsson skipaður tilraunastjóri á Skriðuklaustri frá 1. desember að telja.

13. desember var Knúti Bruun, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S. d. var Kristján Torfason skipaður bæjarfógeti í Vestmannaeyjum frá 15. desember 1973 að telja.

21. desember var Sveinbjörn Björnsson skipaður deildarstjóri við jarðeðlisfræðideild rannsóknastofu í jarðvísindum við Raunvísindastofnun Háskólans frá 1. janúar 1974 að telja.

S. d. var Guðmundur Hjartarson skipaður bankastjóri Seðlabankans frá 1. janúar 1974 að telja.

28. desember var Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari kjörinn forseti Hæstaréttar frá 1. janúar 1974 að telja. Magnús Þ. Torfason hæstaréttardómari var kjörinn varaforseti til sama tíma.

31. desember var Höskuldur Jónsson, deildarstjóri, skipaður skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu frá 1. janúar 1974 að telja.

S. d. var Kristinn Ólafsson, lögfræðingur, skipaður tollgæslustjóri frá 1. jan. 1974 að telja. Jafnframt var Ólafi Jónssyni veitt lausn frá því embætti að eigin ósk frá sama tíma.

S. d. var Ragnheiður Árnadóttir skipuð deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu frá 1. jan. 1974 að telja.

S. d. var Björn Ingvarsson, lögreglustjóri, skipaður yfirborgardómari í Reykjavík frá 1. jan. 1974 að telja.

S. d. var dr. Bragi Jósepsson skipaður deildarstjóri í fræðslumáladeild menntamálaráðuneytisins.

1974:

2. janúar var gefið út leyfisbréf handa Jóni Kristni Stefánssyni til þess að mega kalla sig aðstoðarlyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

S. d. var Indriði Hallgrímsson skipaður bókavörður í Háskólabókasafni frá 1. janúar 1974 að telja.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Kristjáni Tómasi Ragnarssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Viðari Strand til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Leifi Jónssyni, lækni, til þess að mega kalla sig sérfræðing í almennum skurðlækningum og starfa sem slíkur hér á landi.

3. janúar var gefin út löggilding fyrir Auði Gestsdóttur til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á þýsku.

4. janúar var gefið út veitingarbréf handa séra Páli Þórðarsyni fyrir Norðfjarðarprestakalli í Austfjarðaprófastsdæmi.

7. janúar var Niels Jensen skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Hirtshals.

8. janúar var Þorsteinn Líndal skipaður héraðsdýralæknir í V-Skaftafellssýsluumdæmi frá 1. jan. 1974 að telja.

S. d. var Ingimar Sigurðsson, lögfræðingur, skipaður fulltrúi í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá og með 1. janúar 1974.

9. janúar var gefið út leyfisbréf handa Ólafi Friðrik Bjarnasyni, lækni, til þess að mega kalla sig sérfræðing í háls-, nef- og eyrnalækningum og starfa sem slíkur hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Guðjóni Hansen, tryggingafræðingi, til þess að mega starfa sem tryggingastærðfræðingur fyrir líftryggingarfélög.

10. janúar var dr. Kjartan Jóhannsson, verkfræðingur, skipaður dósent í stærðfræðilegri hagfræði og tölfræði í viðskiptadeild Háskóla Íslands frá 1. jan. 1974 að telja.

S. d. var Vilborg Einarsdóttir, ljósmóðir, skipuð til þess að starfa sem ljósmóðir við heilsugæslustöð á Höfn í Hornafirði frá og með 1. janúar 1974 að telja.

15. janúar var Ingvari Björnssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

17. janúar var Valtýr Sigurðsson skipaður aðalfulltrúi við embætti bæjarfógetans í Keflavík og sýslumannsins í Gullbringusýslu frá 1. janúar 1974 að telja.

S. d. var Má Gunnarssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

18. janúar var gefið út leyfisbréf handa Kjartani Guðjónssyni, cand. odont., til þess að mega stunda almennar tannlækningar hér á landi.

S. d. voru eftirtalin skipuð dósentar og lektorar í læknadeild Háskóla Íslands: Bjarki Magnússon, læknir, dósent í líffærameinafræði um fimm ára skeið frá 1. okt. 1973. Jafnframt var hann leystur frá lektorsstarfi í greininni frá sama tíma; Gylfi Ásmundsson, sálfræðingur, dósent í sálarfræði um fimm ára skeið frá 1. janúar 1974 að telja. Jafnframt var hann leystur frá lektorsstarfi í greininni frá sama tíma; Guðmundur Jónsson, eðlisfræðingur, dósent í eðlisfræði frá 1. janúar 1974 að telja. Jafnframt var hann leystur frá lektorsstarfi í greininni frá sama tíma; Dr. Sigurður Magnússon, læknir, lektor í kvensjúkdómum og fæðingarfræði um fimm ára skeið frá 1. jan. 1974 að telja; Þröstur Laxdal, læknir, lektor í barnasjúkdómafræði um fimm ára skeið frá 1. janúar 1974 að telja; Magnús Jóhannsson, læknir, lektor í sérhæfðri lyfjafræði frá 1. jan. 1974 að telja; Elín Ólafsdóttir, lífefnafræðingur, lektor í lífefnafræði um fimm ára skeið frá 1. ágúst 1973 að telja. Jafnframt var hún leyst frá kennslustarfi við Menntaskólann í Hamrahlíð frá sama tíma.

21. janúar var Richard H. Bosman skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Harlingen í Hollandi.

23. janúar var dr. Arnþór Garðarsson skipaður prófessor í dýrafræði við verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. jan. 1974 að telja.

S. d. var Guðjón Axelsson, tannlæknir, skipaður prófessor í tannlækningum, gervigómagerð, í tannlæknadeild Háskóla Íslands frá 15. des. 1973 að telja.

29. janúar var gefið út leyfisbréf til handa Sigurði Agli Þorvaldssyni, lækni, til þess að mega kalla sig sérfræðing í skapnaðarlækningum sem hliðargrein við skurðlækningar og starfa sem slíkur hér á landi.

1. febrúar var Þórólfi Kristjáni Beck, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

5. febrúar var gefið út leyfisbréf til handa Brynleifi H. Steingrímssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í embættislækningum jafnhliða því að vera starfandi sérfræðingur í lungnasjúkdómum samkvæmt áður fengnu leyfisbréfi.

22. febrúar var Sigurði Hafstein, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

25. febrúar var Einari Sigurðssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S. d. var Birni Magnússyni veitt lausn frá prófessorsembætti í guðfræðideild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1974 að telja fyrir aldurs sakir.

S. d. var Kristbirni Tryggvasyni veitt lausn frá prófessorsembætti í læknadeild Háskóla Íslands frá 1. september 1974 að telja samkvæmt eigin ósk hans.

1. mars var Guðmundi Ólafssyni veitt lausn frá kennarastarfi við Menntaskólann á Ísafirði frá 19. febrúar 1974 að telja samkvæmt ósk hans.

4. mars var gefið út leyfisbréf til handa Ólafi Mixa, lækni, til þess að mega kalla sig sérfræðing í heimilislækningum og starfa sem slíkur hér á landi.

5. mars var Reynir Hugason, verkfræðingur, skipaður sérfræðingur hjá Rannsóknaráði ríkisins frá 1. mars 1974 að telja.

S. d. var gefið út leyfisbréf til handa Kristjáni Sigurðssyni, cand. med. et chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

6. mars var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et chir. Sigurði Kr. Péturssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

7. mars var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Jóni Friðrikssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Ólafi Steingrímssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

8. mars var gefið út leyfisbréf til handa Erni Bjarnasyni, lækni, til þess að mega kalla sig sérfræðing í heimilislækningum og embættislækningum.

S. d. var Jón Þorsteinsson, læknir, skipaður dósent í gigtarsjúkdómum við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. febrúar 1974 að telja.

S. d. var Þórir Helgason, læknir, skipaður dósent í innkirtlasjúkdómum við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. febrúar 1974 að telja.

S. d. var gefið út leyfisbréf til handa Pedro Riba Ólafssyni, lækni, til þess að mega kalla sig sérfræðing í geislagreiningu og starfa sem slíkur hér á landi.

13. mars var Yngva Ólafssyni, sýslumanni í Dalasýslu, veitt lausn frá embætti sínu, að eigin ósk, frá 15. maí 1974.

14. mars var gefið út leyfisbréf handa dr. rer. nat. Pétri H. Blöndal til þess að mega starfa sem tryggingastærðfræðingur fyrir líftryggingarfélög.

S. d. var dr. Símon Jóh. Ágústssyni veitt lausn frá prófessorsembætti í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. september 1974 að telja samkvæmt eigin ósk.

S. d. var dr. med. Gísla Fr. Petersen veitt lausn frá prófessorsembætti í læknadeild Háskóla Íslands frá 1. september 1974 að telja samkvæmt eigin ósk.

15. mars var Stefáni Pálssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Skúla Pálssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

20. mars var Tómas Á. Jónasson, læknir, skipaður lektor í meltingarsjúkdómum við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. mars 1974 að telja.

S. d. var Eggert Briem, lic. scient., skipaður dósent í hreinni stærðfræði í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1974 að telja.

21. mars var dr. Steingrímur Baldursson skipaður prófessor í efnafræði í verk-

fræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. febrúar 1974 að telja. Jafnframt var hann leystur frá prófessorsstarfi í læknadeild frá sama tíma.

S. d. var dr. Jónas Bjarnason skipaður dósent í efnafræði í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. febrúar 1974 að telja. Jafnframt var hann leystur frá dósentsstarfi í læknadeild frá sama tíma.

22. mars var Kristmundur Halldórsson, hagræðingarráðunautur, skipaður fulltrúi í iðnaðarráðuneytinu frá 1. febrúar 1974 að telja.

25. mars afhenti Haraldur Kröyer forseta Brasilíu trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Brasilíu með aðsetri í Washington.

26. mars var gefið út leyfisbréf handa Birni Önundarsyni, lækni, til þess að mega kalla sig sérfræðing í heimilislækningum og starfa sem slíkur hér á landi.

S. d. var gefin út löggilding handa Hersteini Pálssyni til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á dönsku.

29. mars var Gordon McKeag skipaður kjörræðismaður Íslands í Newcastle-upon-Tyne.

1. apríl var Einar Baldvinsson, læknir, skipaður dósent í lyflæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands um fjögurra ára skeið frá 15. mars 1974 að telja.

S. d. var dr. Ingi Sigurðsson skipaður bókavörður í Háskólabókasafni frá 1. apríl 1974 að telja.

3. apríl var gefið út veitingarbréf handa séra Jakobi Ágústi Hjálmarssyni fyrir Seyðisfjarðarprestakalli í Múlaprófastsdæmi.

6. apríl var Lindsay Robertson skipaður kjörræðismaður Íslands í Lerwick.

16. apríl var José Daurella Franco skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi í Barelona.

19. apríl var Erni Bjarnasyni, lækni, veitt lausn frá embætti héraðslæknis í Vestmannaeyjahéraði frá 1. ágúst 1974 að telja.

26. apríl var gefið út leyfisbréf handa cand. odont. Sturlu Þórðarsyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. odont. Heimi Sindrasyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

2. maí var Steindór Haarde, verkfræðingur, skipaður kennari við Tækniskóla Íslands frá 1. ágúst 1974 að telja.

7. maí var Pétur Þorsteinsson, fulltrúi, skipaður sýslumaður Dalasýslu frá 15. maí 1974 að telja.

S. d. var Leó Eiríkur Löve, lögfræðingur, skipaður aðalfulltrúi við embætti bæjarfógetans í Kópavogi frá 1. maí 1974 að telja.

S. d. var Peter Roderick Kraunsö skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Manchester.

9. maí var Sven-Erik Byhr skipaður kjörræðismaður með aðalræðismannsstigi á sama stað.

10. maí var Jóhanni Skaptasyni, sýslumanni í Þingeyjarsýslu og bæjarfógeta á Húsavík, veitt lausn frá embætti vegna aldurs frá 1. júlí 1974.

S. d. var gefin út löggilding handa Steinari Vilberg Árnasyni til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á spönsku.

S. d. var Örn Marinósson, deildarstjóri, skipaður skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, fjárlaga- og hagsýslustofnun, frá 1. júní 1974 að telja.

14. maí var Jóni Ingólfssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

16. maí var Gunnlaugi Claessen, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

17. maí var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Soili Hellman-Erlingsson til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Indriði H. Þorláksson skipaður deildarstjóri í byggingadeild menntamálaráðuneytisins frá 15. maí 1974 að telja.

20. maí afhenti Haraldur Kröyer forseta Mexico trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Mexico með aðsetri í washington.

22. maí var Jón Ragnar Þorsteinsson, lögfræðingur, skipaður aðalfulltrúi við embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum frá 1. maí 1974 að telja.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Einari Val Bjarnasyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í lyflækningum.

24. maí var gefið út leyfisbréf handa Þorsteini Svörfuði Stefánssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í svæfingum og deyfingum.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Ragnari Sigurðssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

27. maí var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Högna Óskarssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf til handa Guðmundi Elíassyni til þess að mega starfa sem sérfræðingur í lyflækningum.

28. maí var Guðmundi Helga Þórðarsyni, héraðslækni í Stykkishólmi, veitt lausn frá því embætti frá og með 1. júní 1974 að telja.

27. maí var dr. Björn Dagbjartsson skipaður forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins frá 1. júní 1974 að telja.

29. maí var gefið út leyfisbréf handa Jóhannesi Bergsveinssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í geðlækningum.

S. d. var Einar B. Pálsson, verkfræðingur, skipaður prófessor í byggingarverkfræði í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. júní 1974 að telja.

30. maí var Gylfi Már Guðbergsson skipaður dósent í almennri landafræði í jarðfræðiskor verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands frá 1. júlí 1974 að telja. Jafnframt var honum veitt lausn frá lektorsstöðu í landafræði í verkfræði- og raunvísindadeild frá sama tíma.

S. d. var Stefáni Bergmann veitt lausn frá kennarastöðu við Menntaskólann að Laugarvatni frá 1. september 1974 að telja samkvæmt eigin ósk.

4. júní var gefið út takmarkað og tímabundið leyfisbréf handa Peter J. Constable, til þess að mega starfa sem tryggingasérfræðingur til tveggja ára frá útgáfu leyfisbréfsins.

7. júní var gefið út leyfisbréf handa Láru Ingibjörgu Ólafsdóttur til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

10. júní var Magnúsi Sigurðssyni, lækni, veitt embætti héraðslæknis í Eyrarbakkahéraði frá og með 1. júní 1974 að telja.

11. júní var dr. Birni Sigfússyni veitt lausn frá embætti frá 1. september 1974 að telja samkvæmt eigin ósk.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Jóni Erlingi Þorlákssyni, tryggingastærðfræðingi, til þess að mega starfa sem tryggingastærðfræðingur fyrir líftryggingarfélög.

14. júní var Tómas Karlsson, ritstjóri, skipaður fulltrúi í utanríkisþjónustunni frá 1. september 1974 að telja.

19. júní var gefin út löggilding handa Héðni Jónssyni til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á frönsku.

20. júní var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Ólafi Grími Björnssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Jón Guðnason, cand. mag., skipaður lektor í nútímasögu í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1974 að telja. Jafnframt var honum veitt lausn úr kennarastöðu við Menntaskólann í Reykjavík frá sama tíma.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Hauki Heiðari Ingólfssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

21. júní var Francisco Javier Pérez-Bustamente de Monasterio skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Madrid.

S. d. var Francisco Luis Carrera Irimia skipaður kjörræðismaður Íslands á Kanaríeyjum.

S. d. var Jón B. Jónasson, lögfræðingur, skipaður fulltrúi í sjávarútvegsráðuneytinu frá 1. júní 1974 að telja.

S. d. var Arnmundur Backman, lögfræðingur, skipaður fulltrúi í sjávarútvegsráðuneytinu frá 1. júní 1974 að telja.

S. d. var Frederick Francis Schaefer skipaður kjörræðismaður Íslands í Bergen.

24. júní var gefið út leyfisbréf handa Guðmundi Markússyni, cand. juris., til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Kristjáni Árnasyni veitt lausn úr kennarastöðu við Menntaskólann að Laugarvatni frá 1. september 1974 að telja samkvæmt eigin ósk.

S. d. var Þráinn Löve, B.Sc., skipaður lektor í líffræði við Kennaraháskóla Íslands frá 1. september 1974 að telja.

S. d. var Böðvari Guðmundssyni veitt lausn úr kennarastöðu við Menntaskólann við Hamrahlíð frá 1. september 1974 að telja samkvæmt eigin ósk.

26. júní var gefið út leyfisbréf handa Auðólfi Gunnarssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í skurðlækningum.

27. júní var Sigurður Gizurarson, hæstaréttarlögmaður, skipaður sýslumaður í Þingeyjarsýslu og bæjarfógeti á Húsavík frá 1. júlí 1974 að telja.

1. júlí var Haukur Jörundarson skipaður skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu frá 1. júlí 1974 að telja.

S. d. var Guðmundur Sigþórsson skipaður deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu frá 1. júlí 1974 að telja.

S. d. var Magnús Kristjánsson, sálfræðingur, skipaður lektor í sálarfræði í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1974 að telja.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Birni Önundarsyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í embættislækningum jafnhliða því að vera starfandi sérfræðingur í heimilislækningum samkvæmt áður fengnu leyfi.

2. júlí var Þórunn Klemensdóttir Thors, hagfræðingur, skipuð deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá 1. júlí 1974 að telja.

S. d. var Trausta Árnasyni veitt lausn úr kennarastöðu við Menntaskólann á Akureyri frá 1. september 1974 að telja samkvæmt eigin ósk.

S. d. var dr. Magnúsi Má Lárussyni veitt lausn frá prófessorsembætti í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. október 1974 að telja samkvæmt eigin ósk.

S. d. voru skipaðir eftirtaldir kennarar við Menntaskólann við Hamrahlíð frá 1. ágúst 1974 að telja: Bjarni Ólafsson, cand. mag., Eygló Guðmundsdóttir, B.A., Guðrún Friðgeirsdóttir, B.A., Hákon Tryggvason, cand. mag., Margrét O. Björnsdóttir, B.A., Ólafur Ásgeirsson, B.A., og Sigríður Theódórsdóttir, B.S.

3. júlí lést Hans Jakob Bie, kjörræðismaður Íslands í Randers.

S. d. var séra Magnúsi Guðmundssyni, sóknarpresti í Grundarfirði, veitt lausn frá embætti frá 1. september 1974 að telja.

S. d. var Vilhelm Heiðari Lúðvíkssyni, lyfjafræðingi, veitt lyfsöluleyfið á Blönduósi.

S. d. var Gísla G. Ísleifssyni, lögreglustjóra í Bolungarvík, veitt lausn frá embætti.

9. júlí var Herði Lárusson, M.A., skipaður deildarstjóri í skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins frá þeim degi að telja.

S. d. var Eysteinn Tryggvason, fil. lic., skipaður dósent í jarðeðlisfræði við jarðfræðiskor verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1974 að telja.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. act. Bjarna Þórðarsyni til þess að mega starfa sem tryggingastærðfræðingur fyrir líftryggingarfélög.

10. júlí var Þorgeir Þorsteinsson, fulltrúi, skipaður lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli frá 1. júlí 1974 að telja.

15. júlí var gefið út veitingarbréf handa séra Rögnvaldi Finnbogasyni til þess að vera sóknarprestur í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi frá 1. júlí 1974.

22. júlí var Sigurður Elíasson, cand. agro., skipaður kennari við Menntaskólann við Tjörnina frá 1. ágúst 1974 að telja.

S. d. var Hallvarður Einvarðsson, aðalfulltrúi ríkissaksóknara, skipaður vararíkissaksóknari frá 15. júlí 1974 að telja.

24. júlí var Guðmundur Karl Jónsson, fulltrúi, skipaður deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu frá 1. ágúst 1974 að telja.

29. júlí var Örn Bjarnason, læknir, skipaður skólayfirlæknir frá og með 1. ágúst 1974 að telja.

30. júlí var Jón Sigurðsson, hagrannsóknarstjóri skipaður forstjóri Þjóðhagsstofnunar.

31. júlí var ákveðið að Hannes Jónsson tæki á ný við störfum í utanríkisþjónustunni 1. sept. 1974 og yrði frá þeim tíma sendiherra Íslands í Moskva.

1. ágúst var Volmer Thorgaard skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Manchester.

S. d. var Peter Roderick Kraunsö veitt lausn frá störfum sem kjörræðismanni Íslands með vararæðismannsstigi í Manchester.

2. ágúst var Skúli Johnsen, borgarlæknir, skipaður til að gegna embættisstörfum í Reykjavíkurumdæmi, sem tilgreind eru í II. kafla laga nr. 56/1973, frá og með 1. ágúst 1974 að telja.

S. d. var dr. Oddur Guðjónsson leystur frá störfum sem sendiherra í Sovétríkjunum frá 1. september 1974 að telja og jafnframt í Búlgaríu, Rúmeníu og Ungverjalandi frá 1. október 1974 að telja. Sama dag var hann skipaður sendiherra samkv. lögum nr. 39/1971 frá 15. ágúst 1974 að telja.

S. d. var Hannes Jónsson, blaðafulltrúi ríkisstjórnarinnar, skipaður sendiherra samkvæmt lögum nr. 39/1971.

S. d. var Eiríkur Benedikz, sendiráðunautur í London, skipaður sendifulltrúi samkvæmt lögum nr. 39/1971 frá 15. ágúst 1974 að telja og falið að gegna áfram störfum í London.

S. d. var Hannes Hafstein, deildarstjóri í utanríkisráðuneytinu, skipaður sendifulltrúi samkvæmt lögum nr. 39/1971 frá 15. ágúst 1974 að telja og falið að gegna störfum við sendiráð Íslands í Brüssel frá sama tíma.

S. d. var Þorleifur Thorlacius, sendiráðunautur í Bonn, skipaður sendifulltrúi samkvæmt lögum nr. 39/1971 frá 15. ágúst að telja og falið að gegna störfum við sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn frá 1. september 1974 að telja.

6. ágúst var Guttormur Sigurbjörnsson skipaður forstöðumaður Fasteignamats ríkisins frá 16. ágúst 1974 að telja.

13. ágúst var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Hlédísi Guðmundsdóttur til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Jósef Skaftasyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Þorsteini Blöndal til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

14. ágúst var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Jóni Baldvini Stefánssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Gunnari Eydal, cand. juris., til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Guðmundi B. Jóhannssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Ólafi Hergli Oddssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

22. ágúst var Herði Lárussyni veitt lausn úr kennarastöðu við Menntaskólann í Reykjavík frá 9. júlí 1974 að telja samkvæmt eigin ósk.

S. d. var var Bjarni Bjarnason, fil. kand., skipaður lektor í uppeldisgreinum við Kennaraháskóla Íslands frá 1. september 1974 að telja.

S. d. var Barði Þórhallsson, lögfræðingur, skipaður bæjarfógeti í Bolungarvík.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Bjarna Þjóðleifssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

26. ágúst var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Sigmundi Sigfússyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Sigrúnu Knútsdóttur til þess að mega kalla sig sjúkraþjálfara og starfa sem slík hér á landi.

27. ágúst var dr. Hörður Filippusson skipaður dósent í lífefnafræði við læknadeild Háskóla Íslands frá 1. september 1974 að telja.

S. d. var Böðvar Guðmundsson, cand. mag., skipaður kennari við Menntaskólann á Akureyri frá 1. september 1974 að telja.

30. ágúst var sr. Guðmundur Sveinsson skipaður skólameistari við Fjölbrautaskólann í Breiðholti frá 1. október 1974 að telja.

S. d. var Jón Sveinbjörnsson skipaður prófessor í Nýjatestamentisfræðum í guðfræðideild Háskóla Íslands frá 1. september 1974 að telja.

2. september var Ólafía Sveinsdóttir, B.A., skipuð kennari við Menntaskólann í Kópavogi frá 1. september 1974 að telja.

3. september var gefið út leyfisbréf handa Jóni Bergssyni til þess að mega kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

5. september var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Eyjólfi Þ. Haraldssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Henning Ove Knudsen skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Randers.

10. september var Þráinn Hallgrímsson, B.A., skipaður kennari við Menntaskólann á Ísafirði frá 1. september 1974 að telja.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Einari Má Valdimarssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

11. september var Jónas Þórir Haraldsson, B.S., skipaður kennari við Menntaskólann á Akureyri frá 1. september 1974 að telja.

S. d. var gefið út leyfisbréf til handa Bjarna Þjóðleifssyni lækni, til þess að mega kalla sig sérfræðing í almennum lyflækningum og meltingarsjúkdómum og starfa sem slíkur.

S. d. var Þóra Davíðsdóttir, B.A. skipuð fulltrúi í skrifstofu Kennaraháskóla Íslands frá 15. september 1974 að telja.

16. september var Jóhann Hjálmarsson skipaður húsvörður við Menntaskólann við Hamrahlíð frá 1. september 1974 að telja.

18. september var Ágúst Sigurðssyni, yfirkennara, veitt lausn úr kennarastöðu við Kennaraháskóla Íslands frá 1. september 1974 að telja samkvæmt eigin ósk.

24. september var Sigríði Ásgeirsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Hjalta Zophoníassyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var séra Jóni M. Guðjónssyni, að eign ósk, veitt lausn frá embætti sóknarprests á Akranesi og embætti prófasts í Borgarfjarðarprófastsdæmi frá 1. desember 1974 að telja.

S. d. var Benedikt Sigurðssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Finni Torfa Stefánssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Benedikt Þórðarsyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

25. september var gefið út leyfisbréf handa cand. pharm. Kristjáni Linnet til þess að mega kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

26. september var Hólmfríði Jónsdóttur, cand. mag., veitt lausn úr kennarastöðu við Menntaskólann á Akureyri frá 1. september 1974 að telja.

27. september var gefin út löggilding handa Magnúsi Thorlacius, hrl., til þess að vera dómtúlkur og skjalabýðandi úr og á frönsku.

2. október var Einar Sigurðsson skipaður háskólabókavörður frá 1. október 1974 að telja.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Jóhannesi M. Gunnarssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

3. október var Lofti Þorsteinssyni veitt lausn frá prófessorsembætti í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1974 að telja samkvæmt eigin ósk.

4. október var dr. Helga Haraldssyni veitt lausn úr kennarastöðu við Menntaskólann á Ísafirði frá 1. september 1974 að telja samkvæmt eigin ósk.

7. október var Hermanni Stefánssyni veitt lausn úr stöðu íþróttakennara við Menntaskólann á Akureyri frá 1. september 1974 að telja samkvæmt ósk hans.

S. d. voru þeir Pétur Thorsteinsson, ráðuneytisstjóri, og Friðjón Skarphéðinsson, yfirborgarfógeti, endurskipaðir í orðunefnd til 11. september 1980, og Óttar Möller, forstjóri, endurskipaður varamaður í nefndinni til 11. september 1977.

S. d. var Gísla Sigurkarlssyni, cand. juris., veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var gefin út löggilding handa Lofti Melberg til þess að vera dómtúlkur og skjalabýðandi úr og á spönsku.

8. október afhenti Hannes Jónsson forseta forsætisráðs æðstaráðs Sovétríkjanna trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Sovétríkjunum.

10. október lést Ove Hede Nielsen, vararæðismaður Íslands í Horsens.

15. október var Gunnar H. Gunnlaugsson, læknir, skipaður dósent í handlæknisfræði í læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 15. október 1974 að telja og Þorgeir Þorgeirsson, læknir, dósent í líffærameinafræði í læknadeild sama tímabil.

17. október var Haukur Guðlaugsson, organisti, skipaður söngmálastjóri þjóðkirkjunnar frá 1. október 1974 að telja.

18. október var dr. Hallgrímur Helgason, tónskáld, skipaður dósent í sálma- og messusöngfræði og tónflutningi við guðfræðideild Háskóla Íslands frá 1. nóvember 1974 að telja.

23. október var dr. theol. Jakobi Jónssyni, sóknarpresti í Hallgrímsprestakalli í Reykjavík veitt lausn frá embætti frá 1. janúar 1975 að telja.

24. október var Erni Höskuldssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Kristjáni Hallgrímssyni, lyfsala, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar í Norðurbæjarhverfi í Hafnarfirði frá 1. nóvember 1974 að telja.

S. d. var cand. med. et chir. Pálma Frímannssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar.

28. október var Hannesi Þórarinssyni, lækni, veitt lausn úr dósentsstöðu í húð- og kynsjúkdómafræði við læknadeild Háskóla Íslands frá 1. febrúar 1975 að telja.

4. nóvember voru eftirtaldir læknar skipaðir til þess að gegna þeim embættisstörfum, sem tilgreind eru í II. kafla l. nr. 56/1973, frá og með 1. nóvember 1974 að telja og þar til öðruvísi verður ákveðið: Víkurumdæmi: Vigfús Magnússon, Vestmannaeyjaumdæmi: Haraldur Briem, Keflavíkurumdæmi: Kjartan Ólafsson, Hafnarfjarðarumdæmi: Grímur Jónsson, Kópavogsumdæmi: Kjartan J. Jóhannsson, Álafossumdæmi: Friðrik Sveinsson, Akranesumdæmi: Þórður Oddsson, Borgarnesumdæmi: Valgarð Björnsson, Ólafsvíkurumdæmi: Vilhjálmur Rafnsson, Stykkishólmsumdæmi: Pálmi Frímannsson, Patreksfjarðarumdæmi: Ari Jóhannesson, Ísafjarðarumdæmi: Ragnar Ásgeirsson, Hvammstangaumdæmi: Guðbrandur Kjartansson, Blönduósumdæmi: Sigursteinn Guðmundsson, Sauðárkróksumdæmi: Friðrik J. Friðriksson, Dalvíkurumdæmi: Eggert Briem, Akureyrarumdæmi: Þóroddur Jónasson, Húsavíkurumdæmi: Gísli Auðunsson, Þórshafnarumdæmi: Úlfur Ragnarsson, Egilsstaðaumdæmi: Þorsteinn Sigurðsson, Norðfjarðarumdæmi: Eggert Brekkan, Hafnarfjarðarumdæmi: Kjartan Árnason.

8. nóvember var Kristjáni Gíslasyni, verðlagsstjóra veitt lausn samkvæmt eigin ósk frá störfum sem verðlagsstjóri frá 1. janúar 1975 að telja.

S. d. voru eftirtaldir læknar skipaðir til þess að gegna þeim embættisstörfum, sem tilgreind eru í II. kafla l. nr. 56/1973, frá og með 1. nóvember 1974 að telja og þar til öðruvísi verður ákveðið: Siglufjarðarumdæmi: Jóhannes M. Gunnarsson, Kópaskersumdæmi: Gísli Auðunsson.

11. nóvember var Svanur Kristjánsson, M.A., skipaður lektor í stjórnmálafræði við námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands frá 15. nóvember 1974 að telja.

13. nóvember var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Bergþóru Árnýju Ragnarsdóttur til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et chir. Friðberti Jónassyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Gunnari Valtýssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

14. nóvember var cand. odont. Birni R. Ragnarssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et chir. Ásgeiri Theódórs til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var dr. Sigurður Steinþórsson, jarðfræðingur, skipaður dósent í bergfræði við jarðfræðiskor verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands frá 1. janúar 1975 að telja. Jafnframt var honum veitt lausn úr stöðu sérfræðings við jarðvísindastofu Raunvísindastofnunar Háskólans frá sama tíma.

16. nóvember var Jón Sigurpálsson, fulltrúi, skipaður deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu frá 1. desember 1974 að telja.

S. d. var dr. Þorleifur Einarsson, jarðfræðingur, skipaður prófessor í jarðfræði við verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1975 að telja. Jafn-

framt var honum veitt lausn úr stöðu sérfræðings í rannsóknastofu í jarðvísindum við Raunvísindastofnun Háskólans frá sama tíma.

20. nóvember afhenti Hannes Jónsson forseta ríkisráðs þýska alþýðulýðveldisins trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í þýska alþýðulýðveldinu með aðsetri í Moskva.

22. nóvember var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Gottskálki Þorsteini Björnssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

26. nóvember var Eggerti Brekkan, lækni, veitt lausn frá embætti héraðslæknis í Eskifjarðarhéraði frá 1. febrúar 1975 að telja.

27. nóvember var Arthur James Rubiner skipaður kjörræðismaður Íslands í Detroit.

30. nóvember var Gretti Leo Jóhannssyni veitt lausn sem kjörræðismanni Íslands með aðalræðismannsstigi í Winnipeg.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Halldóri Jóhannssyni til þess að mega kalla sig sérfræðing í almennum skurðlækningum og starfa sem slíkur.

2. desember var Birger Ekdahl veitt lausn sem kjörræðismanni Íslands í Jönköping í Svíþjóð.

S. d. var dr. Þorvaldur Veigar Guðmundsson, læknir, skipaður dósent í lífefnafræði í læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. nóvember 1974 að telja.

4. desember afhenti Hannes Jónsson forseta ríkisráðs Alþýðulýðveldisins Ungverjalands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Ungverjalandi með aðsetri í Moskva.

6. desember var gefið út veitingarbréf handa séra Karli Sigurbjörnssyni til þess að vera sóknarprestur í Hallgrímsprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi frá 1. janúar 1975 að telja.

9. desember var gefin út löggilding fyrir Pétur Urbancic til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á þýsku.

10. desember var gefið út veitingarbréf handa síra Sigfinni Þorleifssyni til þess að vera sóknarprestur í Stóra-Núpsprestakalli í Árnessprófastsdæmi frá 1. desember 1974 að telja.

11. desember var Margrét Ellen Lahey skipuð kjörræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi í Ottawa.

12. desember var Hugo Andreassen skipaður skrifstofustjóri við Raunvísindastofnun Háskólans frá 1. janúar 1975 að telja.

13. desember var dr. Braga Jósepssyni veitt lausn frá deildarstjórastarfi í menntamálaráðuneytinu frá og með 9. desember 1974.

S. d. var Björn Önundarson, læknir, skipaður til að gegna embætti tryggingayfirlæknis frá og með 1. janúar 1975 að telja.

16. desember var gefið út veitingarbréf handa síra Birni Jónssyni til þess að vera sóknarprestur í Garðaprestakalli í Borgarfjarðarprófastsdæmi frá 1. janúar 1975 að telja.

17. desember var gefið út leyfisbréf handa cand. odont. Sigurði E. Rósarssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var Guðmunda Ögmundsdóttir skipuð fulltrúi í landbúnaðarráðuneytinu frá 1. janúar 1975 að telja.

19. desember var Jóni Gunnari Zoëga, cand. juris., veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

23. desember var Jóni Magnússyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Hildi Viðarsdóttur til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Sigríði Ólafsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

24. desember var Tage Jacobsen veitt lausn frá störfum sem kjörræðismanni Íslands með vararæðismannsstigi í Århus frá 1. janúar 1975 að telja.

30. desember var Kornelíus Sigmundsson, hagfræðingur, skipaður fulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. janúar 1975 að telja.

31. desember var Guðmundur B. Jóhannsson, læknir, skipaður til þess að vera héraðslæknir við læknamiðstöð í Laugaráshéraði frá og með 1. janúar 1975 að telja.

S. d. var Gísli Brynjólfsson skipaður deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu frá 1. janúar 1975 að telja.

Nr. 441.

# SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

## Sendiherrar.

20. febrúar afhenti hr. Dimitar G. Viatchev forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Búlgaríu á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Boris Popov af störfum sem sendiherra Búlgaríu á Íslandi.

17. apríl afhenti hr. Kil Jai Gyong forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem fyrsti sendiherra Alþýðulýðveldisins Kóreu á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi.

29. apríl veitti forseti Íslands Dr. K. S. Shelvanker viðurkenningu til þess að vera sendiherra Indlands á Íslandi með aðsetri í Osló.

28. maí afhenti hr. Raimund Hergt forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands á Íslandi með aðsetri í Reykjavík. Um leið lét hr. Karl Rowold af störfum sem sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands á Íslandi.

S. d. afhenti hr. Tsuneaki Ueda forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Japan á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi. Um leið lét hr. Seizo Hinata af störfum sem sendiherra Japan á Íslandi.

11. júní afhenti hr. José Osvaldo de Meira Penna forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Brasilíu á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Jayme de Souza-Gomes af störfum sem sendiherra Brasilíu á Íslandi.

26. júlí afhenti hr. Juan de Tornos Espelius forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Spánar á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Juan de las Bárcenas y de la Huerta af störfum sem sendiherra Spánar á Íslandi.

S. d. afhenti hr. A. Razzak forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem fyrsti sendiherra Bangladesh á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi.

30. ágúst veitti forseti Íslands hr. Stavros G. Roussos viðurkenningu til þess að vera sendiherra Grikklands á Íslandi með aðsetri í London.

6. september afhenti hr. Chul Nam forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Suður-Kóreu á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Hee Bahng af störfum sem sendiherra Suður-Kóreu á Íslandi.

27. september afhenti hr. Leo Pius Odero forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem fyrsti sendiherra Kenya á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi.

17. október veitti forseti Íslands hr. Carlos Empis Wemans viðurkenningu til þess að vera sendiherra Portúgal á Íslandi með aðsetri í Osló.